



Reykjavík, 10. október 2019

R13110197

D-1382

bp

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Tillaga um samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggingar á U-reit

Á fundi borgarráðs þann 10. október 2019 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 8. október 2019, ásamt fylgiskjöllum, samþykkt.

Lagt er til að borgarráð feli skipulags- og samgönguráði að efna til hugmyndasamkeppni um nýtt skipulag á Umferðarmiðstöðvarreit (U-reit) með það markmið að þar rísi þétt, blönduð byggð sem feli meðal annars í sér nýja alhliða samgöngumiðstöð fyrir Reykjavík, höfuðborgarsvæðið og landið allt. Tillaga þessi er niðurstaða vinnu starfshóps um þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á U-reit. Lögð er fram áfangaskýrsla starfshópsins, drög að keppnislýsingu fyrir hugmyndasamkeppni um deiliskipulag á U-reit og áfangaskýrsla vegna umferðarhermunar í og við U-reit. Loks er lagt til að í samkeppninni skuli miðað við að núverandi mannvirki á reitnum séu víkjandi.

Það tilkynnist hér með.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það liggur fyrir að núverandi staðsetning samgöngumiðstöðvar er framúrskarandi og felur í sér mikil tækifæri til að efla almenningssamgöngur og auka aðgengi að ólíkum ferðamátum fyrir íbúa og ferðamenn. Umferðarmiðstöðvarreiturinn er miðsvæðis og liggur vel til að þjóna mörgum stærstu vinnustöðum höfuðborgarsvæðisins. Ókostir þess að hafa miðstöðina austar í borginni eru þeir að það myndi fjölga skiptingum í strætókerfinu sem væri mikill ókostur. Það má nefna að austar í borginni eru mikilvægar skiptistöðvar sem þjóna þeim svæðum. Áfram verða skiptistöðvar t.d. í Mjódd, Kringlu og annars staðar en ný samgöngumiðstöð er bæði aðkallandi og brýnt verkefni sem skilað getur miklu fyrir borgarþróun og samgöngukerfið. Mikilvægt er að nýta það tækifæri til fulls.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hefðu viljað sjá viðtækari greiningu á fýsileika staðsetningar fyrir samgöngumiðstöð í borginni en fleiri reitir hefðu mátt koma til skoðunar. Að auki er allskostar óvíst að nokkur þörf sé fyrir

Samgöngumiðstöð af þessari stærðargráðu í borginni en kostnaður gæti orðið gríðarlegur fyrir skattgreiðendur. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa áður lagt til uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á reitnum og ítreka hér þá skoðun sína.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni hefur verið á dagskránni um langa hríð og engin uppbygging hefur átt sér stað enn. Árið 2005 var gefin út viðamikil skýrsla um miðstöð á þessum stað og skildi slík stöð þjóna bæði flugi, jafnt innanlands- sem utanlandsflugi, langferðabílum og ætti að vera með góðum tengingum við almenningssamgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins. Ekkert hefur gerst á þessum tíma og spilar þar inni þráhyggja meirihlutans um að koma flugvellingum burtu úr Vatnsmýrinni. Það er sláandi að horfa upp á hvað verið er að þrengja að flugvellingum á alla kanta hans. Fyrir nokkrum dögum sannaði flugvöllurinn í Vatnsmýrinni mikilvægi sitt þegar hann tók við lendingu véla í millilandaflugi vegna veðurofsa í Keflavík. Það er mikil þröngsýni að ætla að fara núna í uppbyggingu aðal samgöngumiðstöðvar höfuðborgarsvæðisins á þessu svæði í stað þess að staðsetja hana miðsvæðis eins og t.d. í Mjóddinni. Verði samgöngumiðstöðin á þessum stað á hún einungis eftir að auka við umferðarpunga á þessu svæði og er hann nú nógur fyrir. Það er mikið ábyrgðarleysi að þrengja að þessu svæði og ég spyr hvers eiga íbúar vesturbæjarins og Seltjarnarness að gjalda. Það er verið að loka þá inni samgöngulega séð. Verkefnið er úrelt áður en það fer af stað.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni er nú í deigluinni, verkefni sem er, eins og annað af þessari stærðargráðu, umdeilt. Við kynningu er ljóst að rennt er blint í sjóinn með nánast allt en vel kann að vera að sú staða sé algeng í svona skipulagsferli. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur hvað mestar áhyggjur af því hversu þröngt verður á þessu svæði eftir að samgöngumiðstöðin rís sem þýðir að aðgengi verður slakt og umferðarpungi enn meiri. Umferðarpungi þarna er mikill núna og jafnvel þótt almenningssamgöngur lagist þá eru bílum einnig að fjölga. Hætta verður hreinlega á að fólk komist ekki þarna fram hjá, akandi nema með erfiðismunum og löngum töfum. Einnig er verið að þrengja að flugvellingum meir en góðu hófi gegnir. Borgarfulltrúi veltir því fyrir sér hvað íbúum á Seltjarnarnesi þykir um þetta enda reynir kannski mest á þá og auðvitað íbúa í vesturbæ.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarstjóra
Samrit:
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2019
R13110197
D-1382

Borgarráð

Tillaga um samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggingar á U-reit

Lagt er til að borgarráð samþykki að efna til alþjóðlegrar samkeppni um nýtt skipulag á Umferðarmiðstöðvarreit (U-reit) með það að markmiði að þar rísi ný alhliða samgöngumiðstöð fyrir Reykjavík, höfuðborgarsvæðið og landið allt og þétt, blönduð byggð. Í kjölfar skipulagssamkeppninnar verði efnt til framkvæmdasamkeppni um sjálfa Samgöngumiðstöðina samkvæmt nánari ákvörðun. Umhverfis- og skipulagssvið annist undirbúning og ut anumhald samkeppninnar.

Skipaður verði stýrihópur verkefnisins sem haldi utan um verkefnið og þar með talið undirbúning samkeppninnar. Borgarstjóri verði formaður stýrihópsins en tveir fulltrúar verði skipaðir í hann úr skipulags- og samgönguráði. Stýrihópurinn hafi jafnframt það hlutverk að gera tillögu um eignarhald og rekstur rekstur Samgöngumiðstöðvar og gangast fyrir greiningu á valkostum og leiðum í því efni ásamt útboðs- og innkaupaferlum. Skipuð verði dómnefnd vegna fyrri hluta samkeppninnar sem fylgi samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands. Í dómnefnd eigi sæti fulltrúar í stýrihópi ásamt sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, sérfróðs fagaðila um hönnun og uppbyggingu samgöngumiðstöðva og tveggja fulltrúa sem tilnefndir verða af Arkitektafélagi Íslands. Kostnaður verði hluti af undirbúningskostnaði Samgöngumiðstöðvar og komi af fjárfestingaáætlun. Með dómnefnd starfar trúnaðarmaður frá AÍ, skipulagsfulltrúi, samgöngustjóri og deildarstjóri atvinnuþróunar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Stýrihópur njóti einnig ráðgjafar embættis borgarlögmanns varðandi útboðs- og innkaupamál, eftir því sem þörf krefur. Stofnaður verður samráðs og rýnihópur hagaðila vegna undirbúnings deiliskipulags á svæðinu.

Greinargerð

Tillagan byggir á vinnu og tillögum starfshóps um þróun samgöngumiðstöðvar og nánasta umhverfis en áfangaskýrsla starfshópsins er hjálögð ásamt drögum að keppnislýsingu fyrir hugmyndasamkeppni um deiliskipulag á U-reit og áfangaskýrslu vegna umferðarhermunar í og við U-reit.

Skipulag- og bygging samgöngumiðstöðvar er tímabær og brýn, ekki síst í ljósi samkomulags um fjármögnun Borgarlínu, endurskoðun og eflingu leiðarkerfis Strætó og nýjar áherslur í samgöngumálum. Samgöngumiðstöð Reykjavíkur verður lykiltengipunktur í nýju leiðarkerfi.

Forsagan

Í október 2012 festi Reykjavíkurborg kaup á fasteigninni Vatnsmýrarvegur 10. Frá þeim tíma hefur verið unnið að undirbúningi þess að þar rísi samgöngumiðstöð og tengd uppbygging. Í nóvember 2012 var stofnaður starfshópur borgarinnar og Strætó B.S. sem skilaði áfangaskýrslu til borgarráðs þann 18. febrúar 2013. Í kjölfar þess var nýr starfshópur skipaður með erindisbréfi dagsettu 11. september 2013. Þann 12. maí 2014 skilaði starfshópurinn skýrslu til borgarráðs þar sem lagt var til að hefja undirbúning að samkeppni á reitnum. Skýrslan var send Umhverfis- og skipulagsráði til umsagnar, sem samþykkti þann 5. nóvember 2014 umsögn skipulagsfulltrúa. Þar sagði að tekið væri undir undir öll meginmarkmið keppnislýsingar og tilhögun keppninnar um þróun samgöngumiðstöðvar og annarar byggðar á U-reit. Í kjölfarið var settur eftirfarandi fyrirvari: „Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. október s.l. var samþykkt að skipa fulltrúa í stýrihóp um leiðarkerfisbreytingar í Reykjavík vegna alhliða samgöngumiðstöðvar á umferðarmiðstöðvarreit. Talið er æskilegt að niðurstaða þess starfshóps liggi fyrir áður en ráðist verður í samkeppnina“.

Sá stýrihópur lauk störfum og skilaði skýrslu til borgarráðs þann 25. febrúar 2016. Niðurstaða stýrihópsins er að flutningur á meginkeppnistöð almenningsgangna frá Hlemmi á BSÍ krefjist ekki mikilla breytinga á leiðarkerfinu. Ný drög að leiðarkerfi ásamt þarfagreiningu samgöngumiðstöðvar á U-reit verða uppfærð með hliðsjón af leiðakerfistillögu stýrihópsins.

Á fundi borgarráðs 7. sept. 2017 var samþykkt eftirfarandi tillaga borgarstjóra frá 24. ágúst 2017, ásamt fylgigögnum:

Lagt er til að skipaður verði starfshópur til þess að undirbúa samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarar byggðar á U-reit. Í starfshópnum sitji fulltrúar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, skipulagsfulltrúa, samgöngustjóra og Strætó bs. Starfshópnum skal gert að rýna núverandi gögn ásamt því að uppfæra og bæta við nýjum upplýsingum sem komið hafa fram á undanförunum misserum. Einnig greina áhrif borgarlínu á verkefnið og leiðakerfi Strætó, tenging borgarlínu við samgöngumiðstöð, tækifæri ferðapjónustunnar í væntanlegri samgöngumiðstöð o.fl. Lagt er til að haldnar verði tvær samkeppnir. Í fyrri keppninni verði keppt um útfærslu á deiliskipulagi alls reitsins, en í seinni um samgöngumiðstöðina sjálfa og fyrirkomulag nánasta umhverfis hennar.

Starfshópurinn var skipaður Óla Erni Eiríkssyni, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður), Þorsteini Rúnari Hermannssyni samgöngustjóra, Ágústu Sveinbjörnsdóttur, skipulagsfulltrúa, Ingvari Jóni Bates Gíslasyni, skipulagsfulltrúa, Jóhannesi Rúnarssyni, Strætó bs., og Valgerði Grétu Benediktssdóttur, Strætó bs.

Fyrir liggur áfangaskýrsla starfshópsins frá því í desember 2018 um þarfagreiningu og skipulag reitsins. Borgarráð samþykkti að aflað skildi umsagna um málið og unnin umferðarhermun áður en farið væri af stað í hugmyndasamkeppni.

Starfshópurinn hefur lokið fyrrgreindum verkefnum og skilar hér áfangaskýrslu ásamt drögum að keppnislýsingu fyrir hugmyndasamkeppni um deiliskipulag U-reits auk áfangaskýrslu vegna umferðarhermunar í og við U-reit. Þá leggur starfshópurinn til að efnt verði til alþjóðlegrara

skipulagssamkeppni um umferðarmiðstöðvarreit og samgöngumiðstöð samhljóða framkominni tillögu.

Framtíðarsýn um Samgöngumiðstöð Reykjavíkur

Á umferðarmiðstöðvarreit verði samgöngumiðað skipulag og Samgöngumiðstöð Reykjavíkur; skiptistöð almenningssamgangna og tengipunktur almenningssamgangna út fyrir höfuðborgarsvæðið. Umferðarmiðstöðvarreit er í nágrenni stærstu og fjölmennustu vinnustaða landsins og miðborgar Reykjavíkur. Þar gefst því einstakt tækifæri til að flétta saman almenningssamgöngur, hjólréiðar og aðra vistvæna samgöngumáta.

Mikilvægt er að göngu- og hjólaleiðir að og frá miðstöðinni verði mjög góðar og öll hönnun gefi skýr skilaboð um að þessir ferðamátar séu í fyrsta forgangi um svæðið og að því. Þegar í upphafi verði boðið upp á hjólageymslur og hjólaleigu.

Til að samgöngumiðstöðin og nágrenni hennar verði lifandi og áhugaverður viðkomustaður skal skipulag, arkitektúr og landslagshönnun vera í miklum gæðum og bjóða upp á úrvals upplifun fyrir notendur. Til að styðja við reitinn sem tengipunkt fjölbreyttra vistvænna samgöngumáta þarf að gera hann að áfangastað. Það er því mikilvægt að á reitnum verði einnig rými fyrir þjónustu-, atvinnu- og íbúðahúsnæði til viðbótar við samgöngumiðstöð. Því skiptir máli að koma samgöngumiðstöð sem haganlegast fyrir þannig að sem minnst rými fari undir athafnasvæði hennar. Þessi miðstöð vistvænna samgangna og umhverfi hennar verði hannað á vistvænan hátt og vottað sem slíkt.

Samgöngumiðstöðinni er ætlað að verða ein af meginskiptistöðvum almenningssamgangna innan höfuðborgarsvæðisins, Borgarlínu og Strætó og þjóna sem upphafs- og endastöð fluglestar og annarra hópferðabifreiða út fyrir höfuðborgarsvæðið og tengipunktur við aðra ferðamáta (gangandi vegfarendur, hjólréiðar, deilibíla, leigubíla og einkabíla).

Eitt af meginmarkmiðum hugmyndasamkeppni er að kalla eftir hugmyndum um heildarlausn fyrir reitinn. Það landrými sem ekki fer undir samgöngumiðstöð verði skipulagt með áherslum á vistvænar samgöngur. Þar rísi byggð samkvæmt hugmyndafræði um samgöngumiðað skipulag (Transit Oriented Development), sem nýtur nálægðar við samgöngumiðstöðina, Landspítalann og Vatnsmýrina sem framtíðarsvæði háskólanna.

Samgöngumiðstöð á U-reit er ætlað að verða ein af lykilskiptistöðvum Borgarlínu, þ.e. hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu sem getur þróast yfir í léttlestakerfi í framtíðinni. Við skipulag og hönnun næsta nágrennis, svo sem Vatnsmýrarinnar og útfærslu Hringbrautar verði skapað aðlaðandi borgarumhverfi, breiðstræti í borg, í samspili og samhengi við skipulag U-reits og framtíðarbyggð í Vatnsmýri.

Dagur B. Eggertsson

